



ÞEKKINGARVEITA Í ALLRA ÞÁGU

Stefna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns
2023–2027

Landsbókavörður

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

Stjórn

Fanný Gunnarsdóttir, formaður
Elín Soffía Ólafsdóttir
Erlendur Már Antonsson
Guðmundur Hálfðanarson
Guðmundur Jónsson
Ingibjörg Rögnvaldsdóttir
Magnús Már Halldórsson

Stefnumótunarhópur

Bragi Þorgrímur Ólafsson
Guðrún Halldóra Sveinsdóttir
Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir
Kristinn Sigurðsson
Kristrún Daniélsdóttir
Magný Rós Sigurðardóttir
Sigríður Bjarnadóttir
Sigurbjörg Long
Örn Hrafnkelsson

Framkvæmdaráð

Edda Guðrún Björgvinsdóttir
Guðrún Halldóra Sveinsdóttir
Guðrún Tryggvadóttir
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
Ragna Steinarsdóttir
Örn Hrafnkelsson

ÞEKKINGARVEITA Í ALLRA ÞÁGU

Stefna Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns 2023 – 2027

Útgefandi: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
Arngrímsgötu 3
107 Reykjavík
Sími: 525 5600
Netfang: landsbokasafn@landsbokasafn.is
Veffang: www.landsbokasafn.is

Hönnun, umbrot og myndir: Ólafur J. Engilbertsson
Prentun: Háskólaprent

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2022
ISBN 978-9935-434-22-7 [prentuð útgáfa]
ISBN 978-9935-434-23-4 [rafræn útgáfa]



AÐFARAORÐ

Nýrri stefnu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er nú ýtt úr vör eftir nokkurn undirbúningstíma. Stefnan byggir á þeim lagaramma sem safnið starfar eftir, eldri stefnum og þeim málefnasviðum sem lögbundin verkefni safnsins taka til. Sífellt aukin stafræn þjónusta við safngesti er í forgrunni. Ýmsir utanaðkomandi þættir töfðu stefnumótunarferlið, sérstaklega Covid-19 heimsfaraldurinn, sem einnig varð til þess að horft er á marga þætti í starfseminni með öðrum augum en áður, s.s. upplýsingatækni, fjarvinnu og fjarfundi.

Stefnumótunarhópur innan safnsins vann að greiningu á starfseminni, tækifærum til breytinga og til að gera betur. Stór innleiðingarverkefni sem safnið og starfsfólk þess tók þátt í á mótunartíma stefnunnar endurspeglast í henni og hefur leitt til aukins samstarfs milli ólíkra eininga innan safnsins. Þar má nefna innleiðingu nýs bókasafnskerfis fyrir Gegni og Leitir á vegum Landskerfis bókasafna, innleiðingu rannsóknasafnsins ÍRIS, og nýtt vinnuumhverfi fyrir starfsfólkið í M365 og Teymi. Þá var leitað álits hjá nokkrum samstarfsaðilum safnsins og tekið mið af gildandi stefnu Háskóla Íslands.

Eins og áður, byggir nýja stefnan á eldri stefnum safnsins. Lagarammi um starfsemina er óbreyttur, en tækifæri og vaxtarmöguleikar felast í samstarfi, nýrri tækni og nýsköpun. Áhersluatriði að þessu sinni eru áframhaldandi uppbygging stafræns umhverfis og þjónustu, þátttaka í rannsóknaverkefnum og heilsusamlegt og hvetjandi vinnuumhverfi. Gæðamál og bættir verkferlar eru einnig í forgrunni. Innleiðing nýs gæðakerfis er hluti af þeirri vegferð. Meginsjónarmið eru aukin þjónusta, stafrænar lausnir og auðvelt aðgengi, auk þess að viðhalda öflugum og lifandi vinnustað.

Sett eru fram 27 stefnumál, sem skiptast í sjö málaflokka. Stefnumálin eru brotin niður í verkefni, sem verða til úrlausnar á næstu árum. Mörg verkefna krefjast samvinnu ólíkra eininga innan safnsins og samvinnu við fjölmarga samstarfsaðila, bæði innlenda og erlenda. Önnur eru meira innanhúsmál.

Öllum sem komu að mótun stefnunnar er þakkað fyrir þeirra framlag.

*Reykjavík, október 2022
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður*



UM LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS - HÁSKÓLABÓKASAFN

- Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn Íslendinga, bókasafn Háskóla Íslands og forystusafn íslenskra bókasafna.
- Safnið er varðveislusafn samkvæmt lögum um skylduskil til safna og tekur til varðveislu gögn sem gefin eru út á Íslandi og erlend gögn er varða íslensk málefni.
- Í safninu eru varðveitt útgefin íslensk hugverk, erlend fræðirit, námsgögn, kort, handrit og einkaskjöl auk hljóðrita, kvikmynda og annars myndefnis.
- Safnið miðlar margskonar upplýsingum á eigin vefjum, á samfélagsmiðlum og í samstarfsverkefnum s.s. Gegnir, Leitir, Landsaðgangur og ÍRIS.
- Safnið veitir þjónustu í þágu menntunar, vísinda og rannsókna, atvinnulífs, stjórnsýslu og menningar.
- Safnið veitir leiðsögn og aðgengi að upplýsingum og gögnum.
- Í húsi safnsins, Þjóðarbókhöðunni, er fjölbreytt vinnuaðstaða fyrir gesti.
- Safnið vinnur að fræðslu- og menningarstarfsemi með miðlun á vef, sýningarhaldi, námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlestrum.
- Safnið vinnur að rannsóknum og veitir aðstoð við rannsóknir á sviði bókfræði, bóksögu og bókasafns- og upplýsingafræði, auk þess að veita upplýsingar um íslenska útgáfustarfsemi.
- Safnið tekur þátt í margvíslegum þróunarverkefnum á sviði stafrænna hugvísinda sem tengjast starfsemi safnsins, m.a. stafrænni endurgerð hins skráða menningararfs, auk söfnunar og varðveislu stafræns efnis.

HLUTVERK

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er þekkingarveita og rannsóknarbókasafn. Það er í forystu um öflun og miðlun upplýsinga, varðveislu menningararfs og styður við fræði, vísindi, menningu, rannsóknir og nýsköpun.



FRAMTÍÐARSÝN

- Safnið gegnir forystuhlutverki hvað varðar þróun og nýsköpun á sviði varðveislu og stafrænnar endurgerðar.
- Safnið er í fararbroddi um miðlun og opið aðgengi að stafrænu efni fyrir alla landsmenn.
- Safnið er öflugur samstarfsaðili Háskóla Íslands og styður við íslenskar rannsóknir með fjölbreyttum hætti.
- Safnið sinnir rannsóknum á fræðasviðum safnsins.
- Safnið eflir formlegt samstarf við hagsmunaaðila, þar með talið háskóla, bókasöfn og útgefendur.
- Safnið styrkir stöðu sína sem þekkingarveita fyrir alla landsmenn með því að nýta nýjungar í upplýsingatækni.
- Safnið tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði nýsköpunar og þróunar.
- Safnið er öflugur samstarfsaðili íslenskra bókasafna og Landskerfis bókasafna.

GILDI

Gildi	Skilgreining
Fagmennska	Við leggjum metnað í störf okkar og veitum góða þjónustu.
Framsýni	Við erum í fararbroddi þegar kemur að þróun og nýsköpun.
Forysta	Við erum forystusafn.
Samvinna	Við höfum samstarf og samvinnu að leiðarljósi.

Fagmennska – Við höfum fagmennsku í fyrirrúmi við öll störf. Vinnum saman að markmiðum út frá skilgreindum ferlum og gæðastjórnun. Tileinkum okkur tæknilausnir til þess að veita sem besta þjónustu.

Framsýni – Við höfum skýra framtíðarsýn. Fylgjumst vel með áherslum og nýjungum á okkar sviði og nýtum tækifæri til þess að þróa starfs-umhverfi og þjónustu safnsins til samræmis við þarfir notenda.

Forysta – Við erum forystusafn. Stuðlum að samræmingu starfshátta bókasafna og styðjum við og veitum ráðgjöf á sérsviðum safnsins.

Samvinna – Við erum lausnamiðuð. Höfum samvinnu og jákvæð samskipti að leiðarljósi og sýnum samstarfsaðilum og notendum safnsins virðingu.

STEFNUMARKANDI VERKEFNI

Efla aðföng og auka aðgengi að efni á nýjum miðlum

- Skýr aðfangastefna sem nær til allra eininga og efnisflokka.
- Efla innheimtu skylduskila á útgefnu íslensku efni, óháð formi.
- Efla samstarf við útgefendur og skilaskylda aðila.
- Safna einkaskjalasöfnum á stafrænu formi.

Skráning, varðveisla og miðlun íslenskrar menningar

- Skrár og skráningarfærslur séu réttar og áreiðanlegar.
- Áframhaldandi þróun bókfræðigrunns Gegnis.
- Bæta aðgengi að safnkosti óháð útgáfuformi.
- Áframhaldandi uppbygging stafræns þjóðbókasafns.
- Efla forvörslu á safnefni.
- Rafræn skráning einkaskjalasafna.
- Tryggja og örugga geymslur.

Notendamiðuð og góð þjónusta

- Þjónusta samræmist þörfum notenda og hlutverki safnsins.
- Áframhaldandi uppbygging á rafrænum safnkosti og þjónustu.
- Þróun rannsóknarþjónustu fyrir fræðimenn við Háskóla Íslands.
- Efla rannsóknar- og háskólaþjónustu á landsvísu.

Menningarstarfsemi, rannsóknir og nýsköpun

- Auka þátttöku í rannsóknum á fræðasviðum safnsins.
- Efla menningarstarfsemi, kynna almenningi safnkostinn og starfsemi safnsins.
- Þátttaka í innlendum og alþjóðlegum rannsóknar- og þróunarverkefnum.

Samstarf við hagsmunaaðila

- Greining á samstarfs- og hagsmunaaðilum.
- Stuðla að samræmingu starfshátta í íslenskum bókasöfnum og veita faglega ráðgjöf.
- Markviss þátttaka í erlendu samstarfi.

Hæft, ábyrgt og áhugasamt starfsfólk

- Heilsusamlegt og hvetjandi vinnuumhverfi, viðvarandi samvinna, framþróun og nýsköpun.
- Efla starfsanda og jákvæð samskipti.
- Veita starfsfólki sérhæfða menntun og fræðslu til samræmis við þróun verkefna.
- Innleiða hæfnis- og frammistöðumat.

Skýrir ferlar og skilvirkt skipulag

- Skilvirk skjala-, verkefna- og gæðastjórn.
- Húsnæði og aðstaða safnsins þjóni þörfum gesta og starfseminnar sem best.



